

10. gr.

Heimilt er almannavarnanefnd að semja við starfandi björgunarsveitir áhugamanna um að annast ákveðin verkefni á sviði almannavarna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/1962, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1967, öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

29. apríl 1969.

Nr. 108.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Mortens Hansen, skólastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Rasmus Mortens Hansen, skólastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Mortens Hansen, skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1923 af kennurum Barnaskóla Reykjavíkur. Nú er sjóðurinn kr. 22 902.19 í Sparisjóði Landsbankans, bók nr. 22571.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga nemenda Miðbæjarskólans á lesgreinum þ. e. landafræði, náttúrufræði, kristnum fræðum og sögu.

Árlega skal veita einum eða fleiri nemendum í 6. bekk, þ. e. við barnapróf, verðlaun eða viðurkenningu fyrir ritgerðir um efni úr framantöldum greinum.

Ritgerðirnar skulu samdar í skólanum fyrir lok aprilmánaðar. Nemendur fá að velja um þrjú verkefni í hverri grein. Stjórn sjóðsins ákveður á hverju ári, hvort ritgerðarverkefni skulu vera úr öllum greinunum eða jafnvel aðeins úr einni þeirra.

Við úthlutun verðlauna og viðurkenningar má taka tillit til vinnubóka og próf-einkunna.

4. gr.

Til verðlauna skal verja sem næst $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Miðbæjarskólans og tveir af kennurum skólans, sem 6. bekkjar kennarar þess árs, er um ræðir, kjósa.

Kosning skal fara fram fyrir 1. okt.

Stjórnin úthlutar verðlaununum.

6. gr.

Ef síðar þætti betur henta, er heimilt að veita nemendum í 8. bekk, þ. e. við unglíngapróf, verðlaun úr sjóðnum. Þá kjósa kennarar þeirra deilda kennara í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega sendast Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til endurskoðunar.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Brandsdóttur leikfímikennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ingibjargar Brandsdóttur, leikfímikennara.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður Ingibjargar Brands, leikfímikennara.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1929 af samkennurum Ingibjargar. Stofnfé var kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur. — Nú er sjóðurinn kr. 5996.93 í sparisjóði Útveggsbanka Íslands, bók nr. 14104.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga stúlkna í Miðbæjarskólanum á leikfími og sundi.

Árlega skal veita verðlaun eða viðurkenningu einni eða fleiri stúlkum, sem ljúka barnaprófi. (Ath.: Heimilt er að veita nemendum við unglíngapróf verðlaun eða viðurkenningu).

Til verðlauna og viðurkenningar skal bæði taka tillit til árangurs og ástundunar.

4. gr.

Til verðlauna skal verja sem næst $\frac{1}{2}$ vöxtum sjóðsins, en þegar hann er orðinn kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxta til verðlauna.

5. gr.

Leikfímikennari og sundkennari stúlkna í viðkomandi aldursflokki ásamt prófdómara gera tillögu um veitingu verðlauna og viðurkenningar. Ef ekki er samkomulag um hverjar skuli hljóta verðlaun eða viðurkenningu, sker skólastjóri úr.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólastjóra Miðbæjarskólans. —

Reikningar sjóðsins skulu árlega sendast Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til endurskoðunar.